


Verkfræðistofa Austurlands ehf
Sigurður Jónsson,
byggingafulltrúi
Hafnargötu 28
710 Seyðisfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. júní 2009
Tilvísun: UST20090300143/ksj

Breyting á Aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2004 - 2016

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Borgarfjarðarhrepps er barst 30.mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps að Klyppstað í Loðmundarfirði.

Tillaga að breyttu aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps felst í því að breyting er á landnotkun vegna staðsetningar á 10.000 m² lóð fyrir ferðaþjónustu á vegum Ferðafélags Fljótsdalshéraðs á jörðinni Klyppstað í Loðmundarfirði. Á lóðinni er áætlað að staðsetja svefnskála, skálavarðarhús og hreinlætishús. Svæðið þar sem fyrirhugað er að staðsetja ofangreinda lóð er í jaðri mýrar sem var ræst áður en byggð lagðist af í Loðmundarfirði.

Náttúruminjar

Jörðin Klyppstaðir þar sem ofangreindar framkvæmdir eru áætlaðar er á svæði sem er númer 607 á náttúruminjaskrá „*Loðmundarfjörður, Víkur, Vestdalur og Vestdalseyri...*“ Einnig er svæðið hverfisverndað samkvæmt núgildandi aðalskipulagi.


Heimreið


Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við gerð fyrirhugaðrar heimreiðar að lóð frá vegslóða verði þess gætt að heimreiðin verði í sömu hæð og land umhverfis og forðast verði allt óþarfa rask.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps enda verði rask við framkvæmdir eins lítið og kostur er.

Virðingarfyllt


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun

